

Akureyri, 12. nóvember 2018

Umhverfis- og samgöngunefnd alþingis
Kirkjustræti
101 REYKJAVÍK

Varðar: Tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023 og samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033.

1. Akureyrarflugvöllur

Á fundi stjórnar Eyþings þann 23. október 2018 var eftirfarandi ályktað og bókað:

“Stjórn Eyþings lýsir yfir miklum vonbrigðum með að í fimm ára samgönguáætlun sé ekki gert ráð fyrir fjármögnun uppbyggingar Akureyrarflugvallar. Það samræmist hvorki byggðastefnu stjórnvalda né umræðu um mikilvægi þess að dreifa ferðamönnum um landið. Þá hvetur stjórn Eyþings ríkisstjórnina til að ljúka við löngu tímabæra eigendastefnu Isavia, ekki síðar en um áramótin 2018/2019”.

Þá ályktaði aðalfundur Eyþings, haldinn 21. og 22. september 2018 í Mývatnssveit eftirfarandi ályktun um uppbyggingu Akureyrarflugvallar: *“Aðalfundur Eyþings fagnar framkominni skýrslu verkfræðistofnunnar Eflu um uppbyggingu Akureyrarflugvallar. Skorað er á ríkisstjórn ásamt Isavia að leggja fram áætlun um framtíðaruppbyggingu með hliðsjón af skýrslunni með það tvennt að markmiði: Að opna nýja gátt inn í landið hið fyrsta til að auka ferðaþjónustu utan suðversturhorsins og að tryggja varavöll fyrir hina miklu flugumferð í Keflavík”.*

Greinagerð:

Eyþing fékk Eflu verkfræðistofu í september 2018 til að meta kostnað við nauðsynlega uppbyggingu á Akureyrarflugvelli, en í skýrslunni kemur fram að nauðsynlegar framkvæmdir á Akureyrarflugvelli séu um 3,3 milljarðar kr. Með vísan í skýrsluna er nánari sundurliðun eftirfarandi:

- a) ILS aðflugsbúnaður – 180 millj. kr.

- b) Ný flugstöð og breytingar á þeirri eldri – 1.477 millj. kr
- c) Flughlöð – 1.610 millj. kr.

Samtals, 3.267 millj. kr.

Stofnframlög til Akureyrarflugvallar næstu 5 árs skv. samgönguáætlun eru áætluð 284 millj. kr. eða 8,7% af þeirri þörf sem áætluð er skv. uppbyggingaráætlun Eflu.

Samkvæmt svari Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn á Alþingi um uppbyggingaráform á Keflavíkurflugvelli, er áætlað að fjárfesting þar verði 91.400 millj. kr. á næstu fjórum árum. Sé framlag samgönguáætlunar (stofnframlag) til Akureyrarflugvallar sett í samhengi við áætlaðar framkvæmdir í Keflavík kemur í ljós að framlagið er aðeins 0,31% af því fjármagni sem áætlað er að fjárfest verður fyrir á Keflavíkurflugvelli á næstu fjórum árum.

Þá er vert að halda því til haga að nauðsynlegur framkvæmdakostnaður við Akureyrarflugvöll svo hann geti þjónað hlutverki sínu er 3,6% af því framkvæmdarfé sem áætlað er að fjárfest verði fyrir á Keflavíkurflugvelli.

Rétt er að benda á að í umræddri samgönguáætlun er gert ráð fyrir 593 millj.kr framlagi í stofnkostnað, viðhald og reglubundna endurnýjun á búnaði Akureyrarflugvallar. Í því samhengi vekur m.a eftirfarandi setning í Samgönguáætlun á bls. 38 athygli: “*Ratsjársbúnaður Akureyrarflugvallar er kominn til ára sinna og er vandlega fylgst með virkni hans. Áætlaður endurnýjunarkostnaður nemur allt að 1.000 millj. kr. og er hann ekki inni í samgönguáætlun.*”

Að ekki sé endurnýjaðar nauðsynlegur ratsjársbúnaður getur ekki samræmst markmiðum áætlunarinnar sjálfar en sérstaklega er fjallað um það í áætluninni þ.e. að “*markmið viðhaldsverkefna á vegum Isavia sé einnig að mannvirki séu í fullnægjandi ástandi og haldi verðmæti sínu*”. Þá koma upp spurningar varðandi markmið um forvarnir og öryggisáætlanir sem í áætluninni eru. Ljóst er því að það fjármagn sem Akureyrarflugvöllur fær öll árin frá 2019 til 2023 dugur ekki fyrir endurnýjun á ratsjársbúnaði sem hlýtur að teljast alvarlegt í því ljósi sem samgönguáætlun sjálf setur fram.

Þá er í áætluninni fjallað um aðflugsljós “*Til þess að alþjóðaflugvellir í grunnneti, Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvellir uppfylli samræmdar kröfur EES-samningsins í reglugerð nr. 464/2007 um flugvelli er nauðsynlegt að setja upp aðflugsljós á fimm flugbrautum á þessum flugvöllum. Tryggja þarf fjármagn fyrir framkvæmdina sem þarf að vera lokið í árslok 2021.* Vissulega eru hér gefin ákveðin fyrirheit um aðflugsbúnað, en þó virðist vera óvissa milli áætlunarinnar og fjármálaáætlunar sem getur ekki talist ásættanlegt.

Af ofangreindu má sjá að mikilvægt er að setja meira fjármagn til uppbyggingar Akureyrarflugvallar en áætlað er í þeirri samgönguáætlun sem nú liggur fyrir. Verði það ekki gert

er ljóst að ekki verður náð fram háleitum markmiðum um öfluga byggðarstefnu, meiri dreifingu á ferðamönnum um landið, ásamt auknu flugöryggi í landinu.

Á svæðinu hefur verið fjárfest í hótelrymum og markaðssetningu fyrir millilandaflug sem nú þegar er farin að bera mikinn árangur. Sú fjárfesting mun renna út í sandinn ef nauðsynlegir flugvallainnvíðir styðja ekki við slíka uppbyggingu.

2. Samgöngumál:

Eftirfarandi var bókað á fundi stjórnar Eyþings þann 23. október:

“Stjórn Eyþings fagnar áformum um uppbyggingu Dettifossvegur í samgönguáætlun en leggur áherslu á að mikilvægt er að tryggja fjármagn til áframhaldandi uppbyggingar annarra samgöngumannvirkja í landshlutanum. Sérstaklega verði horft til uppbyggingu vegar um Langanesströnd og Brekknaheiði”. Sama ályktun var samþykkt á aðalfundi Eyþings haldinn 21. og 22. september 2018 í Mývatnssveit.

Þá er ítrekað að mikilvægt er að til staðar sé vetrarþjónusta á Dettifossvegi (Demantshringnum) m.a. til að styðja við uppbyggingu og framgangs ferðaþjónusta á svæðinu vegna aukinnar umferðar ferðamanna.

3. Almenningsamgöngur:

Eftirfarandi var bókað á fundi stjórnar Eyþings þann 23. október: *“Stjórn ítrekar mikilvægi almenningsamgangna á Eyþingssvæðinu og bendir á að framlögð samgönguáætlun gerir ekki ráð fyrir þeim fjármunum sem þarf til málaflokksins”.*

Þá ályktaði aðalfundur Eyþings haldinn 21. og 22. september 2018 í Mývatnssveit eftirfarandi ályktun: *Samningur um rekstur almenningsamgangna á vegum landshlutasamtakanna renna út í árslok 2018. Fram hafa komið hugmyndir stjórnvalda um áframhaldandi rekstur á vegum landshlutasamtakanna á árinu 2019. Fundurinn leggur áherslu á að ekki verði haldið áfram að óbreyttu nema til komi aukið framlag frá ríkinu til rekstrarins og gefið verði vilyrði fyrir fjármagni vegna uppsafnaðra skulda verkefnsins.*

Samgönguáætlunin gefur góð fyrirheit í orðum um eflingu á almenningsamgöngum. Frekari fjárframlög þarf til málaflokksins til að þeim markmiðum verði náð sbr. bókunin hér að framan og ekki sist með þeirri aðgerð að skilgreina flug milli landshluta sem almenningsamgöngur.

Virðingarfyllst,

Hilda Jana Gísladóttir, formaður stjórnar Eyþings.

Páll Björgvin Guðmundsson starfandi framkvæmdastjóri Eyþings.